

ÚRSKURÐUR

Aganefndar Landssambands hestamannafélaga. Mál nr. 1/2021

Aganefnd Landssambands hestamannafélaga „Aganefnd“ kom saman þann 14. maí 2021 til að fjalla um mál sem barst nefndinni frá stjórn Landssambands hestamannafélaga „L.H“ með bréfi þann 29. mars sama ár og varðar uppfærða mótsskýrslu af Metamóti Spretts sem haldið var dagana 4. – 6. september 2020. Málið tengist úrskurði Aganefndar í máli nr. 1/2020.

Í aganefnd eiga sæti; Atli Már Ingólfsson, starfandi formaður, Sæþór Fannberg og Gísli Guðmundsson.

Málsatvik og málsmeðferð Aganefndar:

Með tölvupósti þann 29. mars 2021 sem barst frá skrifstofu L.H. barst Aganefnd uppfærð mótaskýrsla frá yfirdómnefnd Metamóts Spretts sem haldið var 04.09.2020 – 06.09.2020 var efni skýrslunnar vísað til Aganefndar þar með að beiðni L.H. Áður hafði skrifstofu LH borist uppfærð mótsskýrsla af Metamótinu þann 18. desember 2020. Var því um aðra uppfærða skýrslu að ræða.

Í fyrri uppfærðu mótaskýrslunni hafði verið bætt út ágöllum sem fjallað var um í úrskurði Aganefndar nr. 1/2020 er vörðuðu skráningu á starfsmönnum mótsins. Í nýrri uppfærslu skýrslunnar hafði verið bætt við skýrsluna svohljóðandi athugasemd/stuttri skýrslu yfirdómnefndar: „*Á mótinu keppti Sigurbjörn Bárðarsson á hestinum Vökkli frá Tunguhálsi í 150 og 250 m skeiði sem ekki er leyfilegt skv. keppnisreglum LH. Óskum við eftir að aganefnd LH yfirfari málið.*“

Með dómi Dómstóls ÍSÍ í máli nr. 10/2020 var úrskurður Aganefndar nr. 1/2020 um að fella niður allan skráðan keppnisárangur á Metamóti Spretts, felldur úr gildi. Þar með var aftur skráður í Sportfeng árangur Sigurbjarnar Bárðarsonar á hestinum Vökkli frá Tunguhálsi sem náðist á mótinu í 150 og 250 metra skeiði. Eins og rakið var í úrskurði Aganefndar nr. 1/2020 náðist sá árangur með broti á lögum og reglum L.H

Niðurstaða Aganefndar:

Í lögum L.H í gr. 8.17. Viðauka 9 segir: „a) Par sem keppir í P1/250 m skeiði má ekki keppa í P3/150m skeiði b) Par sem keppir í P3/150m skeiði má ekki peppa í P1/250m skeiði.

Eins og vísað er til í nýrri athugasemd yfirdómnefndar Metamóts Spretts keppti Sigurbjörn Bárðarson (SB) bæði í 150 og 250 metra skeiði á umræddu móti.

Samkvæmt upplýsingum sem Aganefnd hefur aflað sér voru þær reglur sem hér um ræðir þ.e. 4 tl. a og b í 9. Viðauka við lög og reglur L.H, settar í kjölfar FEIF þings sem haldið var 2018. Sambærileg regla mun eftir bestu upplýsingum Aganefndar ekki hafa verið í lögum áður, en viðtekin venja að ekki væri keppt á sama hesti í 150 og 250 metra skeiði á sama móti út frá sjónarmiðum um velferð hestsins og hafi henni verið fylgt all lengi. Þær breytingar sem um ræðir hafa verið í lögum og reglum L.H. frá því 1. apríl 2018 eftir þeim upplýsingum sem Aganefnd hefur aflað sér. Verður að byggja á að svo

sé. Því hefur umrætt ákvæði verið í gildi í þrjú keppnissumur á Íslandi. Önnur efnisleg ákvæði og keppnisreglur um keppni í 150 og 250 metra skeiði P1 og P3 er að finna í grein 8.7.17, 250 metra skeið og 8.7.18, 150 metra skeið, í lögum og reglum L.H. Þar er ekki að finna þær takmarkanir sem fram koma í 4. tölul. 9. Viðauka, á því í hve mörgum skeiðgreinum hver hestur má keppa í á sama móti. Ljóst er því að til að vita hvað má og hvað má ekki í keppni í P1 og P3 þarf að lesa 9 viðauka. Viðaukinn telst hins vegar til fullgilds hluta laga og reglna L.H. og hefur sömu stöðu og önnur ákvæði þeirra laga.

Með vísan til þess sem að framan er rakið liggur fyrir að mati Aganefndar að S.B. braut gegn ákvæði a og b liðar 4 tölul. 9. Viðauka við lög og reglur L.H., í umræddri skeiðkeppni á Metamóti Spretts, þar sem hann keppti á sama hesti í bæði P1 og P3 á mótinu.

Um heimildir Aganefndar til að fjalla um málið og beita agaviðurlögum samkvæmt lögum og reglum L.H, þegar svo háttar til sem gerir í þessu máli var fjallað í dómi Dómstóls ÍSÍ í máli nr. **9/2020 Fredrica Fagerlund gegn Landssambandi hestamannafélaga**. Var það niðurstaða þess máls að stjórn L.H. hefði ekki heimildir til að vísa málum er varðaði brot á keppnisreglum L.H. til Aganefndar L.H að loknum kærufresti sem almennt er tilgreindur í lögum L.H. Er niðurstaða dómsins einnig skýr á þá leið að það sé yfirdómnefndar að beita þeim heimildum sem henni eru veitt í lögum og reglum L.H, þegar mál koma aftur til endurskoðunar svo löngu eftir keppni. Þessa heimild nýtti yfirdómnefnd Metamóts Spretts ekki. Um heimildir yfirdómnefndar má vísa til 2.8.9.3 og f-lið 2.7.4.4. og þá eftir atvikum að ógilda árangur ef keppni er lokið og vísa máli til Aganefndar. Orðalag dóms ÍSÍ í máli nr. 9/2020 er ekki hægt að skilja á annan veg en þann að Aganefnd geti ekki án aðkomu yfirdómnefnda fellt niður árangur eða ákvarðað aðra refsingu ef ekki hefur verið tekið á málinu fyrst hjá yfirdómnefnd viðkomandi móts, ef verið er að fjalla um brot sem átt hefur sér stað svo löngu áður og ekki var kært innan kærufresta sem tilgreindir eru í lögum og reglum L.H. Erú allir kærufrestir í máinu hvað varðar Aganefnd löngu liðnir.

Í uppfærði mótsskýrslu frá Metamóti Spretts er ekki tekið á umræddu broti S.B. og er málinu vísað til Aganefndar án efnislegrar meðferðar yfirdómnefndar. Aganefnd L.H er bundin af fordæmi niðurstöðu dóms ÍSÍ í máli nr.9/2020 og eru valdheimildir Aganefndar L.H. ekki fyrir hendi til að fella árangur úr gildi svo löngu eftir að keppni er lokið eða beita öðrum viðurlögum þegar brotið er gegn keppnisreglum skv. ofangreindum dómi. Slíkt vald er hjá yfirdómnefnd móta, en heimild yfirdómnefnda til að endurskoða mótsskýrslur sem ekki reynast réttar er ekki bundin tímamörkum skv. lögum og reglum L.H. Um þetta er einnig vísað til dóms í máli dómstóls ÍSÍ í máli nr. **10/2020 Ari Björn Thorarensn gegn L.H. og Aganefnd L.H.**, þar sem fjallað er um að eftir að kærufresti er lokið þá megi keppendur líta svo á að mót sem þeir hafi tekið þátt í sé löglegt og sá árangur sem þar náðist sé löglegur.

Að öllu ofangreindu sögðu þá liggur eftirfarandi fyrir, með vísan til þeirra dóma dómstóls ÍSÍ, sem vísað er í, og í samræmi við það sem áður hefur komið fram hjá Laganefnd L.H. Yfirdómnefnd getur endurskoðað mótsskýrslur sínar sem ekki reynast réttar og tekið á þeim málum sem ekki var úrskurðað um á staðnum, berist um það ábendingar frá Stjórn L.H eða að eigin frumkvæði ef rangar skýrslur hafa borist til L.H. Þegar kærufrestir vegna brota á keppnisreglum L.H. eru liðnir getur Aganefnd ekki fjallað sjálfstætt um málið og beitt viðurlögum, ef ekki er tekið á málinu áður hjá

yfirdómnefnd viðkomandi móts. Annað á við ef um brot á siðareglum er að ræða. Skil þess hvort um brot á siðareglum eða skýrt brot á keppnisreglum er að ræða eru þó ekki alltaf skýr.


Aganefnd L.H telur sig ekki hafa valdheimildir til að aðhafast frekar í ofangreindu máli og er því vísað frá Aganefnd.

ÚRSKURÐARORÐ

Máli þessu sem stjórn L.H. vísaði til Aganefndar L.H. vegna nýrrar mótsskýrslu frá Metamóti Spretts sem haldið var dagana 4. – 6. september 2020, með erindi dags. 29. mars 2021 er vísað frá Aganefnd.

Reykjavík, 14.05 2021.

Aganefnd L.H.


Atli Már Ingólfsson, formaður

- sign -

Sæþór Fannberg

- sign -

Gísli Guðmundsson